

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

Ár 2023, fimmtudaginn 5. október var 63. fundur aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 10.06. Fundinn sátu: Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir, Unnur Þöll Benediktsdóttir, Lilja Sveinsdóttir, Ingólfur Már Magnússon, Björgvin Björgvinsson, Hanna Björk Kristinsdóttir og Hallgrímur Eymundsson. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. málsl. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Anna Kristín Jensdóttir og Hallgrímur Eymundsson. Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn: Valgerður Jónsdóttir, Ólafía Magnea Hinriksdóttir og Þórdís Linda Guðmundsdóttir. Tómas Ingi Adolfsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á forgangsörðun umhverfis- og skipulagssviðs í vetrarþjónustu.

Hjalti Jóhannes Guðmundsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið. MSS23100011

Aðgengis- og samráðsnefnd leggur fram svohljóðandi bókun:

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks þakkar fyrir kynninguna á forgangsörðun vetrarþjónustu í borgarlandinu. Nefndin bindur miklar vonir við nýtt verklag og vonast til þess að úrbótarverkefnið sem búið er að skilgreina verði fjármögnuð nægilega til þess að aðgengi í borgarlandinu verði fullnægjandi þegar snjóar. Þá fagnar nefndin því að gott samstarf vegna vetrarþjónustu sé milli umhverfis- og skipulagssviðs og velferðarsviðs.

2. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 5. október 2023, vegna gátlista um aðgengismál á viðburðum innanhúss. MSS22010199 Samþykkt.
3. Fram fer umræða um hlutverk ættingja sem stuðningsforeldra fatlaðra barna og ungmenna. MSS23100012
4. Fram fer umræða um forgangsörðun fjármagns vegna umsóknar í jöfnunarsjóð sveitarfélaga. MSS22020153
5. Lagt fram trúnaðarmerkt svar innviðaráðuneytisins, dags. 2. október 2023, við fyrirspurn aðgengis- og samráðsnefndar, dags. 5. júní 2023, um afnám reglu um 25 metra fjarlægð þ-merktra stæða frá aðalinngangi bygginga í byggingareglugerð nr. 112/2012. MSS23050167

Fundi slitið kl. 11.32

Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir

Björgvin Björgvinsson
Þorkell Sigurlaugsson
Unnur Þöll Benediktsdóttir
Hallgrímur Eymundsson

Lilja Sveinsdóttir
Anna Kristín Jensdóttir
Hanna Björk Kristinsdóttir
Ingólfur Már Magnússon